

# Verknám sjúkraliðanema á Landspítala

Ágæti sjúkraliðanemi.

Velkomin öll í verknám á Landspítala. Vinsamlegast farðu vel yfir eftirfarandi gátlista með góðum fyrirvara áður en verknám hefst. Ef einhverjar spurningar vakna er þér velkomið að hafa samband við menntadeild Landspítala í gegnum [sjukralidanemar@landspitali.is](mailto:sjukralidanemar@landspitali.is).

## Bólusetningar, berklapróf og MÓSA skimun

- ❑ Mikilvægt er að þú kynnis þér vel upplýsingar í skjalinu „[Heilsuvernd nema á Landspítala](#)“.
- ❑ Þú leitar til heilsugæslu vegna grunnbólusetninga (barnaveiki, stífkrampi, kikhósti, mænusótt, mislingar, hettusótt, rauðir hundar).
- ❑ Þú ferð í bólusetningu við lifrabólgu B og berklapróf hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi á Landspítala. Umsjónarmaður í skóla útvegar þér tíma hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi.
- ❑ **MÓSA skimun:** Nemandi sem hefur legið, starfað eða verið í verklegu námi á erlendra sjúkrastofnun sex mánuðum fyrir verklegt nám á Landspítala, eða hefur áður greinst með MÓSA, þarf að fara í skimun fyrir MÓSA.
- ❑ Þú afhendir vottorð um bólusetningar og berklapróf til umsjónarmanns í skóla áður en verknám hefst.
- ❑ Hægt er að nálgast vottorð um bólusetningar á [Heilsuveru](#) undir „Mínar síður“.

## Þagnarskylda og reglur um notkun sjúkraskrár

- ❑ Þú lest og undirritar [þagnarskyldu](#) og skilar til umsjónarmanns í skóla.
- ❑ Þú lest og undirritar [reglur um notkun sjúkraskrárupplýsinga](#) á Landspítala og skilar til umsjónarmanns í skóla.

## Auðkenniskort

- ❑ Þú sækir um [auðkenniskort](#) og sendir passamynd með umsókninni. Myndin á að vera með einlitum bakgrunni og í stærð 3,5x4,5 cm. Einnig er hægt að fara í myndatöku í Skaftahlíð 24, virka daga kl. 10-12 og kl. 13-15.
- ❑ Gagnlegar upplýsingar um auðkenniskort og hvernig sótt er um þau er að finna [hér](#).
- ❑ Fyrir frekari upplýsingar sendu erindi á [audkort@landspitali.is](mailto:audkort@landspitali.is) eða hringdu í s. 543-1880.

## Aðgangur að rafrænum kerfum

- ❑ Aðgangsorð að rafrænum kerfum á Landspítala eru vistuð í *Leynihólfi*.
- ❑ Þú ferð inn á innri vef Landspítala (<https://innri.lsh.is/>), í Landspítalatölvu, og velur *Leynihólf*.
- ❑ Skráir þig inn með rafrænum skilríkjum og *Leynihólf* opnast.
- ❑ Ef þú lendir í vanda með *Leynihólf* eða aðgang að rafrænum kerfum sendir þú póst á [adgangur@landspitali.is](mailto:adgangur@landspitali.is) eða hringir í þjónustuver í s. 543-1550.

## Búningsaðstaða og starfsmannafatnaður

- ❑ Þú færð afnot af vinnufatnaði á meðan á verknámi stendur en þarft að koma með þína eigin vinnuskó.
- ❑ Þú færð aðgang að búningsaðstöðu starfsfólks á Landspítala. Í búningsherbergi í Fossvogi, kallað G130, er nýtt skápakerfi. Leiðbeiningar um skápakerfið eru í skjali sem umsjónarmaður skóla geymir hjá sér.

## Mötuneyti

Nemar hafa aðgang að mötuneytum Landspítala meðan á verknámi stendur. Auðkenniskort virkjar afslátt af framreiddum mat í mötuneytum spítalans.

# Verknám sjúkraliðanema á Landspítala

## Samgöngur og bílastæði

Best er að nota umhverfisvænan ferðamáta til og frá Landspítala.

Komi namar á einkabílum þá er nauðsynlegt að kynna sér upplýsingar um fyrirkomulag bílastæða við Landspítalann á Hringbraut. Í mjög stuttu máli gildir eftirfarandi:

- ❑ Heimilt er að leggja gjaldfrjálst í svokölluð „fjærstæði“ sem merkt eru með bláu á [kortinu](#) en þá þarft þú að skrá bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#). Þú verður að vera með virkt auðkenniskort til að geta gert það.
- ❑ Hleðslustæði ON og nærstæði sem merkt eru með rauðu á kortinu eru ávallt [gjaldskyld](#) og þú þarft alltaf að greiða fyrir að leggja í slík stæði þótt þú hafir skráð bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#).
- ❑ Ítarlegar upplýsingar um bílastæði Landspítala við Hringbraut og kort af bílastæðum er að finna [hér](#).

Við Landspítala í Fossvogi eru bæði gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði. Ætlast er til þess að bæði starfsfólk og namar leggi í ógjaldskyld stæði. Gjaldskyld stæði næst spítalanum eru ætluð sjúklingum og aðstandendum þeirra.

## Tryggingar

Til umhugsunar: Samkvæmt 7. gr. b-lið laga um [slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015](#) er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemendur í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.

Við óskum þér góðs gengis í verknámi á Landspítala.

Með góðri kveðju,  
Menntadeild Landspítala